



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS



Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

Formáli	2
Starfsfólk og stjórn	4
Hreindýr	6
Gróður og umhverfi	8
Fuglar og fiðrildi	10
Fræðsla og fyrirspurnir	12
Viðburðir	14
Stiklur úr starfseminni	16
Fjármál	18
Ritalisti	19
Erindi	20

Náttúrustofa Austurlands
Ársskýrsla 2017, apríl 2018

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir og Kristín Ágústsdóttir
Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.
Myndir: Cristian Gallo, Dagný Ásta Rúnarsdóttir (DÁR), Guðrún Óskarsdóttir (GÓ), Halldór Walter Stefánsson (HWS), Kristín Ágústsdóttir (KÁ), Pálmi Benediktsson, Sigurður H. Magnússon, Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson (SGÞ)
Forsíðumynd: Halldór Walter Stefánsson
Umbrot: Gjallarhorn ehf.
Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja.

Formáli



Bláklukka (*Campanula rotundifolia*)
Ljósmynd: SGP

Sem fyrr var starfsemi Náttúrustofunnar fjölbreytt á árinu 2017. Verkefni tengd hreindýrarannsóknunum, gróðri og smádýralífi voru fyrirferðamikil. Hreindýr voru talin á burðartíma, að sumri og á fengitíma. Gróður var rannsakaður í Reyðarfirði, á Vesturöræfum, á Úthéraði, í Skúmey í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands og á Þeistareykjum í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands. Þá voru tekin sýni af botndýralíf í sjó í Seyðisfirði, Stöðvarfirði, Reyðarfirði og Eskifirði í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og Rorum. Áfram var fylgst með gæsum, hávellum, skúmum og öndum á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og GPS sendar voru settir á fimm heiðagæsir. Þá voru settir dægurrítar á fimm fýla í Hólmanesi.

Samstarf og aðstoð við verkefni annarra stofnana er jákvætt, mikilvægt og dýrmætt. Starfsmenn

Náttúrustofunnar lögðu Náttúrufræðistofnun Ísland lið við vetrarfuglatalningar og talningar á rjúpum. Einnig fylgdist stofan með varpi flórgoða í tengslum við vöktun Náttúrustofu Norðausturlands á stofninum. Þá fóru starfsmenn stofunnar í Papey til að aðstoða Náttúrustofu Suðurlands við rannsóknir á lunda og fýlum. Rannsóknir á heilsu og smitsjúkdómum í hreindýrum voru gerðar í samvinnu við leiðsögumenn með hreindýraveiðum og norska vísindamenn, en það er hluti af stóru verkefni um áhrif loftslagsbreytinga á heilbrigði hreindýra. Tæknidagur Verkenntaskóla Austurlands var á sínum stað og auðvitað tók Náttúrustofan þátt í honum ásamt sambýlingum sínum í austurenda Búlandsins. Loks aðstoðuðu fuglafræðingar stofunnar tollayfirvöld á Austurlandi við greiningar á 100 fuglseggjum sem átti að smygla úr landi frá Seyðisfirði.

Mörg smærri verkefni eru hluti af reglubundinni starfsemi stofunnar. Má þar til dæmis nefna fiðrildavöktun, mófuglavöktun, fugla-skoðun, blómaskoðun, úttekt á ástandi fólkvanga Fjarðabyggðar, umsjón með Náttúrugripasafninu og ýmis konar fræðslu m.a. fyrir skóla og almenning. Öll þessi verkefni skapa ómetanlegar tengingar við samfélagið.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna var sá sami í ár og í fyrra eða 8 í um 7 stöðugildum. Sumarstarfsmenn voru tveir í hlutastarfi. Einn starfsmaður kom úr fæðingarorlofi og annar fór í fæðingarorlof. Auk fastráðinna starfsmanna aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, einkum við vöktun hreindýra.

Ég vona að þessi ársskýrsla, sem greinir frá helstu verkefnum ársins gefi mynd af þeim mannauði sem býr í Náttúrustofu Austurlands og þeirri þekkingu sem þar er sköpuð í formi vísindalegra og hagnýtra rannsókna, fræðslu og miðlunar.

Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki og samstarfsaðilum árangursríkt og ánægjulegt samstarf.

Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður

Um Náttúrustofuna

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótisdals-heraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótisdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð er á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúru-far. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmiðið er að skapa fjölbreytta rannsókna- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.

Starfsfólk og stjórn



Áslaug Lárusdóttir
skrifstofustjóri

Áslaug sinnti almennum skrifstofu-
störfum. Hún hafði umsjón með
útgáfu og ritstjórn ársskýrslu,
heimasíðu, bókasafni, tölvumálum
og gagnavörslu. Að auki kom hún að
öðrum verkefnum.



Elín Guðmundsdóttir
B.S. náttúrufræðingur

Elín sinnti m.a. kortagerð og tók
þátt í umhverfisvöktun í Reyðarfirði
auk aðkomu að öðrum tilfallandi
verkefnum. Elín fór í fæðingarorlof í
byrjun september.



Erlín Emma Jóhannesdóttir
M.S. líffræðingur

Erlín hafði umsjón með smádyra-
rannsóknum og umhverfisvöktun við
álverið í Reyðarfirði.



Guðrún Óskarsdóttir
M.S. náttúrufræðingur

Guðrún hafði umsjón með gróður-
vöktun á Snæfellsöræfum og tók
einnig þátt í umhverfisvöktun við
álverið í Reyðarfirði, gróðurran-
sóknunum á Úthéraði, í Skúmei sem
og öðru tilfallandi.



Halldór Walter Stefánsson
sérfræðingur

Halldór hafði umsjón með vöktun og
rannsóknum á fuglum. Tók einnig
þátt í hreindýrarannsóknum.



Kristín Ágústsdóttir
M.S. landfræðingur

Kristín annaðist daglegan rekstur og
tók þátt í ýmsum verkefnum stof-
unnar.



Rán Þórarinsdóttir
M.S. líffræðingur

Rán var í fæðingarorlofi fram í byrjun
október. Kom að úrvinnslu á burðar-
rannsóknum og annarri vöktun
hreindýrastofnsins. Kom einnig að
öðrum verkefnum stofunnar.



Skarphéðinn G. Þórisson
B.S. líffræðingur

Skarphéðinn hafði yfirumsjón með
vöktun og rannsóknum á hrein-
dýrum. Samhliða því kom hann að
fugla- og gróðurrannskóknum.

Í stjórn Náttúrustofu Austurlands eru
Valdimar O. Hermannsson, formaður
og fulltrúi Fjarðabyggðar, Esther
Kjartansdóttir ritari og fulltrúi Fljóts-
dalshéraðs og Líneik Anna Sævars-
dóttir meðstjórnandi og sameigin-
legur fulltrúi sveitarfélaganna.

Átta fastráðnir starfsmenn störf-
uðu hjá Náttúrustofunni í um sjö
stöðugildum á árinu, auk sumar-
starfsmanns og lausráðinna starfs-
manna í einstökum afmörkuðum
verkefnum.

Guðrún Á. Jónsdóttir og Líneik Anna
Sævarsdóttir tóku þátt í vettvangs-
rannsóknum á gróðri á Snæfells-
öræfum. Margir aðrir komu að
starfsemi stofunnar. Anna Karen
Marínósdóttir og Dagný Ásta
Rúnarsdóttir störfuðu yfir sumar-
tímann og unnu m.a. við sýnatökur
og innslátt gagna. Páll Benedikts-
son kom að fiðrildarannsóknum og
Sveinn H. Oddson aðstoðaði við
tölvumál. Sumarstarfsmenn voru
tveir í hlutastarfi.

Margir aðstoða við vöktun
hreindýra og eru þeir helstu taldir
upp hér:
Eiríkur Skjaldarson
Grétar Karlsson
Halldór Bergsson
Hákon Hansson
Jóhann G. Gunnarsson
Jón I. Sigurbjörnsson
Ívar Karl Hafliðason
Ólafur Örn Pétursson
Páll Leifsson
Reimar Ásgeirsson
Sigurður Guðjónsson
Skúli H. Benediktsson
Skúli Sveinsson
Sveinn Ingimarsson
Sævar Guðjónsson
Tómas Kárasen

Hreindýr



Hreintarfar takast á í Fáskrúðsfirði á fengitíma.
Ljósmynd: SGP

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um ástand stofnsins þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðiþol og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru: dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunar um skiptingu í ágangssvæði. Ágangsmatið er unnið út frá upplýsingum um dreifingu hreindýra sem fást með talningum Náttúrustofunnar og upplýsingum frá almenningi sem tekið er við allan ársins hring. Almenningur er hvattur til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan þessarar vöktunar. Engar breytingar voru lagðar til á mörkum ágangssvæða í ár. Hins vegar gekk til baka breyting á veiðisvæðamörkum á milli veiðisvæða 4 og 5 þannig að nú er

sunnanverður Mjóifjörður á svæði 4 eins og var fyrrum.

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að hreindýraveiðikvóta skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að halda kynjahlutfalli sem næst 6 törfum á hverjar 10 kýr eftir veiðar að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álaga á land. Tillögurnar eru yfirfarnar af Hreindýraráði og Umhverfisstofnun og svo sendar

til umhverfisráðherra sem út frá tillögunum ákveður kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Í nóvember 2017 lagði Náttúrustofan til veiðar á 1061 kú og 389 törfum fyrir veiðitímabilið 2018. Ekki voru lagðar til veiðar á kálfum.

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellsjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Niðurstöður rannsókna 2005-2013 gáfu til kynna að dreifing dýranna hefði breyst á framkvæmdatíma en jafnframt voru vísbendingar um að breytingarnar væru að ganga til baka að framkvæmdum loknum. Kortlagning kúa á burðartíma hefur

verið framhaldið til að sjá hvort hreinkýr muni aftur nýta fyrri burðarsvæði að hluta til eða alfarið þegar lengra líður frá framkvæmdum. Gagnaöflun í ár fór fram með sama sniði og síðustu ár, með myndatökum og beinum talningum úr flugvél í seinni hluta máí. Flogið var yfir Kringilsárrana, Sauðárrana, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, syðri hluta Vopnafjarðarheiða, Vesturöræfi, Fljótisdalsheiði, Eyjabakka, Múla, Suðurfell og Austurheiðar.

Heilsufar og smitsjúkdómar í hreindýrum

Náttúrustofa Austurlands tók þátt í samnorrænu verkefni um heilsufar og smitsjúkdóma í hreindýrum í ljósi loftslagsbreytinga ásamt þremur norskum stofnunum: Norwegian Veterinary Institute (VI-Tromsø), Norwegian Institute of Nature Research (NINA Tromsø) og Northern Research Institute (NORUT-Narvik). Það var prófessor Morten Tryland við Arctic University of Norway (UiT) sem stýrði verkinu á Íslandi. Auk hans komu Javier Sanchez Romano líka frá UiT, Ingebjørg Helena Nymo og Torill Mørk frá Norwegian Veterinary Institute. Þau dvöldu í Skógargerði 18.-28. ágúst 2017 og söfnuðu sýnum ásamt hreindýrasérfræðingi Náttúrustofunnar. Söfnunin var gerð í góðu samstarfi við leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðstandenda verkunarstöðva.

Upphaflega var stefnt að því að safna sýnum úr a.m.k. 30 dýrum. Safnað var blóði, spörðum, bakteríustroki úr augum og nösum og veirustroki úr auga, nösum og

vaginu. Hálskirtlum var safnað svo og stroksýnum úr nösum, hálskirtlum, barka og endaþarmi. Einnig var heilasýnum safnað fyrir MAST til skimunar á hjartarriðu/CWD (Chronic Wasting Disease). Alls tókst að safna sýnum úr 40 hreindýrum. Starfsmenn Náttúrustofunnar héldu blóðsöfnun áfram eftir að Norðmennirnir fóru og söfnuðu 27 sýnum til viðbótar.

Í tengslum við sýnatökuna hélt Morten Tryland fyrirlestur á Egilsstöðum m.a. til kynningar á verkefninu en því miður var það á óhentugum tíma. Stefnt er að frekari kynningum á hentugri tíma, einkum eftir að fyrstu niðurstöður liggja fyrir.

Gróður og umhverfi

Gróðurvöktun á Snæfellsöræfum

Á árunum 2006 til 2008 var lagður grunnur að vöktun gróðurs á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði fyrir Landsvirkjun. Markmið vöktunarinnar er að kanna hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Háslóns og breytinga á hagagöngu hreindýra síðastliðin áratug. Sumarið 2017 var gróður í rannsóknareitum á Vesturöræfum metinn á sama hátt og árið 2007. Háplöntutegundir voru skráðar og þekja þeirra og annarra plöntuhópa var metin. Einnig var gróðurhæð og jarðvegsdýpt mæld og merkingar allra gróðurreita svæðisins yfirfarnar.

Umhverfismöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan sinnt umhverfismöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með ytri áhrifum álversins á gróður, vatn, loftgæði og búfé. Verkefnið er unnið í samstarfi við Eyrúnu Arnarsdóttur dýralækni sem sér um mat á líkamlegu ástandi lifandi búfjár og

Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sér um efnagreiningar á kjálkabeinum sauðfjár, gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Árið 2017 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Þá var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Jafnframt var fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði.

Náttúrufar í Skúmey

Náttúrustofa Austurlands tók þátt í fjórum leiðöngum í Skúmey á Breiðamerkurlóni undir stjórn Náttúrustofu Suðausturlands, auk fulltrúa frá Vatnajökulsþjóðgarði og Fuglaathugunarstöðvarinnar á Suðausturlandi. Tilgangurinn var náttúrufræðileg úttekt á eygni og hlutverk Náttúrustofu Austurlands var að koma þar af stað gróðurvöktun. Rannsóknarreitir voru afmarkaðir og þar var þekja gróðurs metin og háplöntutegundir skráðar. Skúmey er tiltölulega nýkomin undan jökli og því voru allar tegundir sem fundust utan reita einnig skráðar til að fylgjast með landnámi plantna í eygni.

Gróðurvöktun á Úthéraði

Starfsmaður Náttúrustofunnar fór sumarið 2017 með Sigurði H. Magnússyni hjá Náttúrufræðistofnun Íslands í rannsóknarleiðangur um Úthérað. Þar eru gróðurvöktunarreitir sem Náttúrufræðistofnun setti út og hefur vaktað frá árinu 2006 til að kanna áhrif vatnsborðsbreytinga í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti vegna Kárahnjúkavirkjunar á gróður. Núna í ágúst voru allir reitirnir heimsóttir og sams konar úttekt framkvæmd og árið 2006.

Uppgræðsla vegfláa á Þeistareykjum

Náttúrustofa Austurlands ásamt Náttúrustofu Norðausturlands rannsakaði árangur uppgræðslu í vegfláum við Þeistareykjaveg fyrir Landsvirkjun. Við uppgræðsluna á svæðinu hafa verið prófaðar ýmsar aðferðir og í rannsókn sumarsins 2017 var árangur aðferða metinn og borinn saman, þ.á.m. uppgræðsla með gróðurtorfum af framkvæmda-svæði sem reyndist vel.

Austfirsku plönturnar Svartburkni, Klettaburkni, Burstajafni, Þyrnirós, Glitrós, Súrsmæra og Lyngbúi eru friðlýstar með lögum. Ekki má „slíta af þeim sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skemma á annan hátt.“



Blóðberg (*Thymus praecox*)
Ljósmynd: SGP



Gróðurreitir í hlíðum ofan Desjarárdals.
Ljósmynd: KÁ

Gróðurvöktun á Úthéraði.
Ljósmynd: Sigurður Magnússon



Skarfakál (*Cochlearia officinalis*) og skófir í Papey.
Ljósmynd: SGP

Fuglar og fiðrildi



Grágæsir í fjaðrafelli á Úthéraði.
Ljósmynd: SGP

Vöktun fiðrilda

Frá árinu 2010 hefur Náttúrustofan vakt að fiðrildum á þrem stöðum á Austurlandi: Í Neskaupstað, á Hallormsstað og á Jökuldal. Vöktunin var með sama sniði og fyrri ár. Fiðrildi voru veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildir sem voru tæmdar vikulega. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal.

Vel bar í veiði í ár. Tvær nýjar tegundir komu í gildruna á Hallormsstað á árinu: Reyrygla (*Rhizodroma lutosus*) og ullarmölur (*Monopis*

laevigella). Fjöldi fiðrilda sem veiddust í gildrunar á Hallormsstað var allt að fimmfaldur í ár samanborið við síðasta ár og nálægt því að jafna metfjölda frá árinu 2014. Á Jökuldal tvöfaldaðist fjöldi fiðrilda frá 2016 til 2017 og var einnig nálægt metinu frá 2014. Í Neskaupstað hafa sveiflur í fjölda verið minni og var fjöldinn örlítið meiri en árið 2016, en metið þar frá 2014 var ekki í hættu.

Gæsamerkingar

Náttúrustofan setti GPS-senda á fimm heiðagæsir á Vesturöræfum í júlí til að hægt væri að kortleggja ferðir þeirra og nýtingu á landi með nákvæmari hætti. Verkefnið var unnið í samvinnu við Verkís og Wildfowl and Wetland Trust í Bretlandi sem settu einnig senditæki,

bæði á grágæsir og heiðagæsir, um norðan- og austanvert landið. Áætlað er að verkefnið standi yfir í um tvö ár eða meðan senditækin endast. Auk þess að setja senditæki á grágæsir og heiðagæsir voru fleiri gæsir litmerktar, þar á meðal hellingjar í Austur-Skaftafellssýslu.

Sumarstarfsfólk Landsvirkjunar í Blöndustöð og Fljótsdalsstöð ásamt fuglaáhugafólki, starfsmönnum Náttúrustofu Suðausturlands og Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands hjálpuðu við merkingarnar að ógleymdum landvörðum í Skaftafelli. Heiðagæsirnar fimm á Vesturöræfum voru allt kvenfuglar og fengu þær nöfnin; Áslaug, Guðrún, Kristín, Erlín/Elín og Rán. Allar flugu þær til vetrarstöðvanna

á Bretlandseyjum um haustið. Galli kom fram í einum sendi. Hægt er að fylgjast með ferðalögum gæsanna á heimasíðu Náttúrustofunnar.

Mat á beit merktra gæsa

Haustið 2017 var strax byrjað að nýta gögnin sem fengust með GPS-senditækjunum á heiðagæsum. Ferðir gæsanna sem bera senditækin voru kortlagðar og í framhaldi var farinn leiðangur um Vesturöræfi þar sem gróður á þeim svæðum þar sem gæsirnar héldu helst til um sumarið var kannaður m.t.t. sýnilegra beitaráhrifa.

Fuglarannsóknir í samstarfi við aðrar stofnanir

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun

annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrri ár töldu starfsmenn stofunnar á Hrafnabjörgum og á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Úrvinnsla er öll á höndum NÍ og er hægt að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun íslenska rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt að mörkum í þeirri vöktun með talningum. Rjúpur voru taldar á Rangá og við Hrafnabjörg á Héraði í maí 2017. Auk þess aðstoðuðu starfsmenn stofunnar kollega sína frá NÍ við talningar á sniðum við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi.

Náttúrustofa Norðausturlands sinnir vöktun á flórgoða og hefur Náttúrustofa Austurlands aðstoðað við þá vöktun með reglubundnum heimsóknum á þekktu varpstaði flórgoðans á Héraði. Sumarið 2017 var upplýsingum um varpdreifingu og ábúð flórgoða safnað auk þess sem litið var eftir mögulegum nýjum varpstöðum ásamt starfsmönnum Náttúrustofu Norðausturlands sem lögðu leið sína austur á Hérað. Náttúrustofan setti í fyrsta sinn dægurritar á fýla á árinu í tengslum við alþjóðlegt rannsóknarverkefni SEATRACK sem miðar að því að kortleggja dreifingu sjófugla á norðlægum slóðum. Settir voru

dægurritar á 11 fýla í Hólmanesi sem vonast er til að endurheimta á næstu árum. Auk þess aðstoðaði stofan Náttúrustofu Suðurlands við að setja dægurritar á nokkra fýla og lunda í Papey í tengslum við sama verkefni.

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

Náttúrustofan hefur um árabil vakt að valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Sumarið 2017 var gerð úttekt á varpi heiðagæsa á Vesturöræfum og í Kringilsárrana sem hefur ekki verið skoðaður með tilliti til heiðagæsavarps í mörg ár. Ófleygar heiðagæsir voru taldar á hluta Snæfellsöræfa og aldurshlutföll heiðagæsa í sárum á Eyjabakkasvæðinu könnuð. Þá var áfram fylgst með þróun í fjölda nokkurra andategunda á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði, auk þess sem allar tegundir vatna- og sundfugla voru skráðar á Jökulsá á Dal.

Vöktun mófugla

Mófuglar hafa verið taldir á skilgreindum rannsóknarsvæðum víða á Úthéraði frá árinu 2007. Sumarið 2017 fór mófuglatalning fram í júní.

Fræðsla og fyrirspurnir

Fræðsluerindi

Náttúrustofan fær reglulega beiðni um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft fluttir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi, m.a. í Egilsstaðaskóla og Nesskóla. Nemendur í 4. bekk Nesskóla komu í heimsókn auk þess sem nokkrir nemar úr 10. bekk skólans komu til Náttúrustofunnar í starfskynningu. Þeir sinntu m.a. verkefni sem snýr vöktun á trjávexti í Neskaupstað með mælingum og skráningum. Auk þess kynnast þeir annarri starfsemi stofunnar.

Fræðsluefni

Náttúrustofan vann texta og sá um hönnun fræðsluskilta um fuglalíf við Ægistjörn og Andapollinn á Reyðarfirði. Fræðslan byggir m.a. á gögnum sem safnað hefur verið í fuglaskoðun Ferðafélagsins og Náttúrustofunnar sl. áratug. Skiltin eru unnin fyrir Fjarðabyggð.

Fyrirspurnir frá almenningi um undur náttúrunnar

Talsvert er um fyrirspurnir um fyrirbæri sem finnast í umhverfinu og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Á liðnu ári bar einna hæst að tvö eintök af leðurblökum bárust stofunni og voru þær báðar lifandi. Önnur fannst á álverslóðinni á Hrauni en hin fannst á trillu sem var við veiðar og kom í höfn í Neskaupstað. Eintökin voru send erlendis til greiningar en niðurstöður hafa ekki borist. Hugsanlega er um svokallaða trítílböku (*Pipistrellus nathusii*) að ræða en sú tegund hefur fundist hér á landi nokkrum sinnum, aðalheimkynni hennar eru austanverð Evrópa. Þá bar einnig til tíðinda að svo kölluð fleskgæra (*Dermestes lardarius*) af ættbálki bjallna fannst í iðnaðarhúsnæði á Egilsstöðum en hún á sér stopula sögu hér á landi, síðast fannst hún í Reykjavík árið 1995.

Fíflalús er meinlaus en hvítleiður gestur að margra mati. Lúsin nam nýlega land hér og þykir óspennandi þegar hún skriður í stórum fylkingum upp vegg eða skilur eftir sig rauða klessu sem líkist blóði ef hún kremst. Fíflalúsin lifir á túnfílum eins og nafnið gefur til kynna.



Snípuludda (*Ornithomya chloropus*)
Ljósmynd: DÁR



Gæsamerkingar á Vesturöræfum.
Ljósmynd: HWS

Helsingjanef (*Lepas sp*) á dufli sem rak á land í Húsavík eystri.
Ljósmynd: Pálmi Benediktsson



Fugladagurinn á Reyðarfirði.
Ljósmynd: HWS

Viðburðir



Dagur hinna villtu blóma

Áhugahópurinn Flóruvinnir hefur haft umsjón með Degi hinna villtu blóma, en það er samnorðrenn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um gróður á svæðinu. Náttúrustofan hefur um árabíl aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Í ár bar blómadaginn upp á sunnudaginn 18. júní og var farið í tvær gönguferðir, aðra í Hólmanesi og hina upp að Fardagafossi. Hugað var að blómum en einnig upprætt lúpína við göngustíginn að Fardagafossi sem borist hafði þangað með mölinni í stígunum. Þátttaka í þessum

viðburði hefur verið afar dræm og farið minnkandi undanfarin ár.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Náttúrustofan tók í fimmta sinn þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldinn var í húsnæði Búlandsins, Verkmenntaskóla Austurlands og í íþróttahúsinu í Neskaupstað, þann 7. október 2017. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á tækni og vísindum. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt og þótti dagurinn lukkast afar vel. Gestum og gangandi var boðið að skoða húsakynni Náttúrustofunnar og kynna starfsemi hennar. Náttúrustofan spurði spurningarinnar „Geta hreindýr og jafnvel gæsir sent SMS?“ og var gestum boðið að virða fyrir sér netveðið byssu og GPS-senditæki sem

hreindýr hafa gengið með og skoða ferðir hreindýra og gæsa á tölvuskjá. Fimmsti bekkur Nesskóla var með myndlistarsýningu um hreindýr á göngum stofunnar. Þrívíddarmynd af landslagi í Norðfjarðarflóa var unnin í samvinnu við Landhelgisgæsluna sem lánaði dýptarlínur í verkefnið og fablab sérfræðingar Verkmenntaskóla Austurlands skáru það út í þrívíddarfræsara. Skógarmítill (*Ixodes ricinus*) sem gestir gátu skoðað í mikilli stækkun í vísir vakti mikla athygli en einnig óhug sumra. Eintök af skógarmítlum hafa borist stofnunni árlega undanfarið, flestir þeirra finnast á hundum og köttum eftir útiveru en þó nokkrir hafa fundist á mönnum. Öll eintök eru áframsend til Náttúrufræðistofnunar til frekari rannsókna.

Fuglaskoðun í fjarðarbotnum

Árlegur fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 6. maí. Fuglaáhugamönnum á öllum aldri var boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu fuglafræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Á Norðfirði mættu 15 gestir og alls sáust 20 tegundir fugla. Veður var kalt en bjart með austan strekkingi og 4-5° hita. Á Reyðarfirði mættu 10 gestir og þar sáust 31 fuglategund. Þar var veður fínt, hafgola, léttskýjað og hiti 12°.

Aðalfundur Samtaka náttúrustofa og Náttúrustofufing

Náttúrustofufing var haldið á Húsavík þann 6. apríl. Þetta var í níunda sinn sem náttúrustofur landsins halda opna ráðstefnu utan höfuðborgarsvæðisins og í annað skipti sem þingið er á Húsavík. Gestir þingsins voru um 40 og fjölbreytt erindin voru flutt, eitt frá hverri stofu og eitt frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS) var haldinn daginn eftir. Forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands var formaður SNS árið 2017.

*Hreindýr á fengitíma í Fáskrúðsfirði.
Ljósmynd: SGP*

Stiklur úr starfseminni

Friðlýst svæði

Náttúrustofan hefur um árabíl gert tillögur að vori um lágmarks úrbætur í Fólkvangi Neskaupstaðar og Fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð.

Vöktun í Berufirði

Fiskeldi Austfjarða starfrækir fiskeldi í Berufirði og starfsleyfi þess gerir kröfur um vöktun ytra umhverfis á svæðinu. Að beiðni Fiskeldis Austfjarða fór Náttúrustofan í sýnatöku á eldissvæði við Svarthamarsvík í tengslum við vöktun og gerði mælingar í botnseti til að kanna uppsöfnun lífrænna leifa. Einnig voru tekin sjósýni til mælinga á næringarefnum.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Safnahúsið var opið

daglega frá 13:00-21:00 (júní – ágúst) og eftir samkomulagi á öðrum árstímum. Fáir safngripir bættust við sýninguna í ár. Stofan stóð fyrir við viðburði í Náttúrugripasafninu á alþjóðlega safnadeginum þar sem m.a. var hægt að taka þátt í spurningaleik um fugla í náttúru Íslands. Dregið var úr réttum svörum og hlaut Dagbjört Lilja bókina Undir Mývatns í verðlaun.

Eggjasmygl

Náttúrustofa Austurlands aðstoðaði tollayfirvöld á Austurlandi við greiningar á 100 fuglseggjum sem átti að smygla úr landi með ferjunni Norrænu á Seyðisfirði. Bæði var um egg sjaldgæfra og algengra fugla á Íslandi að ræða.

Kræklingasöfnun í Mjóafirði

Kræklingi var safnað á þremur stöðum í Mjóafirði: Í botni fjarðarinnar, undir bryggjunni í Brekkuborpi og á Dalatanga fyrir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Verkið er hluti af mengunavöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna

Vissir þú að Náttúrustofa Austurlands er elsta náttúrustofan? Hún hefur nú verið starfrækt 22 ár. Meðalaldur starfsmanna er 44 ár og meðalstarfsaldur er tæplega 13 ár.

verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni eru mæld í þeim.

Rannsóknir vegna umhverfismats framkvæmda

Náttúrustofan tók að sér nokkrar rannsóknir sem tengjast umhverfismati framkvæmda. Þar má meðal annars nefna rannsóknir á botndýralífi í Seyðisfirði og Stöðvarfirði vegna fyrirhugaðs fiskeldis. Einnig var þekja þörunga í fjöru metin og heimildum aflað um fugla í fjörðunum. Þá fóru fram athuganir á botndýralífi, lífríki fjöru, fuglum og seiðum í ám í botni Eskifjarðar vegna hugmynda um stækkun hafnarinnar. Stofan aðstoðaði einnig við sýnatöku á botni vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr sjó við Eyri í Reyðarfirði og gerði úttekt á seiðum í Eyrardalsá.


Rafveiði í Eskifjarðará.
Ljósmynd: GÓ



Fýlaveiði undirbúin.
Ljósmynd: KÁ



Papey, fyll veginn og merktur.
Ljósmynd: KÁ




Botndýrarannsóknir í Seyðisfirði.
Ljósmynd: Cristian Gallo

Fjármál


Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2017 námu heildarrekstrartekjur 108 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð. Eignir í árslok 2017 voru 82,6 millj. kr. og bókfært eigið fé var 49,4 millj. kr. Hlutfallsleg skipting gjalda er svipuð og fyrri ár. Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi hennar.

Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Skipting gjalda árið 2017.



Heildartekjur Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2017.



Ritalisti

Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosadóttir, Hermann Þórðarson og Kristín Ágústsdóttir (2017). Alcoa Fjarðarál. Umhverfissvöktun 2016. Náttúrustofa Austurlands, NA-170168

Erlín E. Jóhannsdóttir (2017). Rannsóknir á lífríki Hellisfjarðar - Fuglar, botndýr og seiði í ám. Náttúrustofa Austurlands, NA-170164

Erlín E. Jóhannsdóttir (2017). Rannsóknir á lífríki Viðfjarðar - Fuglar, botndýr og seiði í ám. ENDUR-ÚTGEFIN. Náttúrustofa Austurlands, NA-170165

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Kristín Ágústsdóttir (2017). Rannsóknir á lífríki í botni Eskifjarðar - Fuglar, botndýr í sjó og leiru og seiði í ám. Náttúrustofa Austurlands, NA-170172

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Cristian Gallo (2017). Rannsóknir á lífríki Stöðvarfjarðar. -Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru. Unnið fyrir Fiskeldi Austfjarða Náttúrustofa Austurlands NA-170174

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Cristian Gallo (2017). Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar. -Botndýr, mælingar í seti, fuglar og þörungar í fjöru. Unnið fyrir Fiskeldi Austfjarða Náttúrustofa Austurlands NA-170175

Guðmundur Víðir Helgason, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Þorleifur Eiríksson (2017). Botndýr við Eyri í Reyðarfirði. Rorum og Náttúrustofa Austurlands, NA-170171

Guðrún Óskarsdóttir og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (2017). Þeistareykjavegur – Mat á uppgræðslu vegfláa með gróðurtorfum. Náttúrustofa Austurlands NA-170173 og Náttúrustofa Norðausturlands NNA-1705

Guðrún Óskarsdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði. Samanburður á samsetningu og þekju gróðurs árin 2008 og 2016. Náttúrustofa Austurlands, NA-170170

Halldór Walter Stefánsson (2017). Heiðagæsarannsóknir á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar árið 2016. Náttúrustofa Austurlands, NA-170166

Halldór Walter Stefánsson (2017). Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2016. Náttúrustofa Austurlands, NA-170169

Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Völundarvinjar og lúpína á Austurhálendinu. Glettingur 68, 27(1): 19-23.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2017). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2016 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2017. Náttúrustofa Austurlands, NA-170167

Heiðagæsaheiður í Kringilsárrana. Ljósmynd: KÁ



Erindi



Guðrún Óskarsdóttir (2017). Niðurstöður umhverfisvöktunar ársins 2016 í Reyðarfirði. Íbúafundur Umhverfisstofnunar vegna reksturs álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði, 14. júní 2017.

Kristín Ágústsdóttir (2017). Náttúrustofa Austurlands rannsakar hreindýrin. 5. bekkur í Nesskóla, Neskaupstað 7. september 2017.

Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Hreindýrabeitarvist? - Hvað og hvar bíta hreindýr? Náttúrustofuþing 2017 á Fosshótel, Húsavík 6. apríl 2017.

Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2017). Breytingar á sumarihögum hreindýra. Ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands 201. Reykjavík 24. maí 2017.

Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2017). Reindeer in East Iceland. Shifting summer ranges and changes in calving areas around Snæfell. The effects of Kárahnjúkar hydroelectric project. Vistís 2017, á Hólum í Hjaltadal 28.-30. apríl 2017.

Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Hreindýrin okkar - 2. bekkur í Egilsstaðaskóla 31. mars 2017.

Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Náttúra Úthéraðs - Málþing tileinkað Jóni lærða - Hjaltalundur 3. nóvember 2017.

Skarphéðinn G. Þórisson (2017). Skúmey, heiðagæs, hreindýr, fyll og beit - sýnishorn af verkefnum Náttúrustofu Austurlands sumarið 2017 - Rótaryklúbbur Héraðsbúa 10. október 2017.

*Lundi sækir fæðu.
Ljósmynd: SGP*

Náttúrustofa Austurlands

477-1774 · na@na.is · www.na.is

Starfsstöð í Neskaupstað

Mýrargötu 10
740 Neskaupstaður

Starfsstöð á Egilsstöðum

Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstaðir